

11. september 2026



Kynning fyrir samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

Dagskrá

- 1) Lög um brottfararstöð nr. 48/2026
- 2) Starfsemi nýrra úrræða á sviði útlendingamála á svæðinu
- 3) Áhrif nýrra úrræða á innviði sveitarfélaga á Suðurnesjum
- 4) Af hverju Suðurnesin?
- 5) Hvar erum við stödd?

Lög um brottfararstöð nr. 48/2026

- Innleiðing skuldbindandi ESB-gerða sem leiða af þátttöku Íslands í Schengen samstarfinu
 - Rekstur og framkvæmd í brottfararstöð (e. specialised detention center)
 - Skimun á landamærum (e. screening)
- Innviðauppbygging sem leiðir af setningu laganna
 - Breytingar á starfsemi og staðsetningu móttökumiðstöðvar
 - Uppbygging og rekstur brottfararstöðvar

Starfsemi nýrra úrræða á sviði útlendingamála á svæðinu

	Brottfararstöð	Móttöku og skimunarmiðstöð
Rekstraraðili	Lögreglan á Suðurnesjum	Útlendingastofnun
Starfsemi	Lokað öryggis- og búsetuúrræði (barnaúrræði frábrugðið)	Þjónustu og skimunarmiðstöð (landamæraeftirlit)
Notendur	Útlendingar í ólögmætri dvöl	Umsækjendur um alþjóðlega vernd og einstaklingar í ólögmætri dvöl sem þurfa að sæta skimun.
Staðsetning	Suðurnesin	Egilsgata 3, 101 Reykjavík áform um flutning á Suðurnesin (í nálægð við Keflavíkurflugvöll)
Opnunartími	24/7	9 -16 alla virka daga
Starfseiningar	Lögreglan á Suðurnesjum, útfærsla á annarri starfsemi innan úrræðis liggur ekki fyrir.	Útlendingastofnun, Vinnumálastofnun, lögreglan og heilbrigðisþjónustuveitandi.

Starfsemi nýrra úrræða á sviði útlendingamála á svæðinu

Brottfararstöð

Hvað er úrræðið ekki ?

- Ekki opið búsetuúrræði.
- Ekki fangelsi.

Hvað er úrræðið?

- Lokað öryggis- og búsetuúrræði.
- Barnafjölskyldur og einstaklingar ekki vistaðir í sömu húsnæðiseiningunum.
- Öll þjónustan fer fram innan veggja úrræðisins.

Hversu lengi dvelja einstaklingar í úrræðinu?

- Vistun er tímabundin (hámark 9 dagar fyrir fjölskyldur).
- Vistun einstaklinga er að hámarki 18 mánuðir.

Móttöku og skimunarmiðstöð

- Ekki opið búsetuúrræði.

- Þjónustu og skimunarmiðstöð (landamæraeftirlit).
- Öll þjónustan fer fram innan veggja úrræðisins.
- Einstaklingum ber að dvelja í húsnæðinu meðan á ferlinu stendur.

- Móttökuferlið tekur 1–2 klukkustundir. Að því loknu er einstaklingum vísað beint í búsetuúrræði VMST víðs vegar um suðvesturhornið.
- Bráðagisting í boði þegar notendur mæta utan opnunartíma (1-2 nætur).

Áhrif nýrra úrræða á innviði sveitarfélaga á Suðurnesjum

Áhrif

Félagsþjónusta

Takmörkuð eða engin áhrif. Notendur og vistmenn einstaklingar sem eru ekki með kennitölur og eiga almennt ekki rétt á félagsþjónustu sveitarfélaga.

Heilbrigðisþjónusta

Nauðsynleg heilbrigðisþjónusta veitt innan veggja úrræðanna.

Skólaþjónusta

Takmörkuð áhrif. Dvöl í móttökumiðstöð er að jafnaði aðeins nokkrar klukkustundir og vistun barna á skólaaldri í brottfararstöð er hámark 9 dagar.

Samgönguinnviðir og önnur opinber þjónusta

Takmörkuð áhrif. Vistmenn brottfararstöðvar ekki frjálsir ferða sinna og notendur móttökumiðstöðvar fara að loknu móttökuferli í búsetuúrræði VMST.

Af hverju Suðurnesin?

- Mannauður og sérþekking á svæðinu – mikil reynsla í málaflokknum.
- Nálægð við afleidda þjónustu (m.a. birgja)
- Nálægð við stærstu landamærastöð landsins.
- Aukið öryggi og betri yfirsýn í kerfinu.
- Skilvirkni og samfella í ferlum.

Hvar erum við stödd?

Staðan

Brottfararstöð (almennt úrræði)

- Markaðskönnun lauk 5. ágúst
- 14 tilboð bárust
- Samningaviðræður við eiganda Klettatröð 8 (lægstbjóðandi)

Brottfararstöð (barnafjölskylduúrræði)

- Leit að húsnæði stendur yfir
Í skoðun að samnýta húsnæði með öðrum stofnunum

Móttökumiðstöð

- Verkefnisáætlun vegna húsnæðisleitar í vinnslu í samráði við FSRE